

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 128/346**  
**komudagur 29.11.2002**



**LANDVERND**

Ránargata 18  
101 Reykjavík  
Sími: 552 5242  
Fax: 562 5242  
Netfang: landvernd@landvernd.is  
Veffang: www.landvernd.is

**Iðnaðarnefnd Alþingis**  
Nefndasvið / Ágúst Geir Ágústsson  
150 Reykjavík

26. nóvember 2002

**Efni: Þingsályktunartillaga um framtíðarhlutverk Sementsverkssmiðjunnar hf, 133 mál.**


Vísað er í bréf Alþingis dagsett 14. nóvember 2002.

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér þingsályktunartillögu um framtíðarhlutverk Sementsverkssmiðjunnar hf.

Stjórn Landverndar telur jákvætt ef finna má leið til að farga spilliefnum hér á landi með öruggum hætti. Eitt megin skilyrði fyrir brennslu á spilliefnum er að hitastig við brennslu sé mjög hátt.

Stjórnin vekur athygli á því að Sementsverkssmiðjan er staðsett í þéttbýlisstað og því verði að tryggja að mengunarvarnir verði með þeim hætti að íbúum á svæðinu stafi engin hættu af eyðingu spilliefna. Það er mikilvægt að allir áhættuþætti séu metnir og að íbúum á svæðinu verði kynnt hvaða starfsemi muni fara fram í verksmiðjunni áður en ákvörðun er tekin.

Stjórn Landverndar telur að mikið af þeim plastúrgangi sem í dag er urðaður geti verið góður orkugjafi ef brennsla fer fram með ábyrgum hætti. Úrgangsplast er auðlind á villigötum og það væri vissulega framfaraspör ef það mætti nota það sem orkugjafa í verksmiðjunni.

Virðingarfyllst,  
Tryggvi Felixson   
framkvæmdastjóri Landverndar